

	<p>Hólfríður Erlingsdóttir</p>
<p>Menntun</p>	<p>Sjúkraþjálfari frá Háskóla Íslands árið 1988. Hef sótt ýmis endurmenntunarnámskeið sem tengjast vinnuvistfræði bæði hjá HÍ og NIVA (Nordic Insitute for Advanced Training in Occupational Health),</p>
<p>Vinnustaður</p>	<p>Landspítali, Endurhæfingastöð hjarta og lungnasjúklinga og stundakennsla við HÍ og Fjölbraut Ármúla.</p>
<p>Netfang og/eða farsími</p>	<p>holmfre@landspitali.is</p>
<p>Gerðist félagi</p>	<p>1997</p>
<p>Viðfangsefni /starf</p>	<p>Á Landspítala starfa ég á Heilsu, öryggis- og vinnuumhverfiseild. Helstu viðfangsefni mín þar tengjast vinnuumhverfismálum, forvörnum, heilsuvernd og heilsuefningu. Ég er einnig starfsmaður öryggisnefndar og kem því að þessum málum frá mörgum hliðum. Hestu áherslumál í starfi mínu í dag tengist áhættumati starfa sem ég lít á sem gott tæki til forvarnar. Með því fáum við upplýsingar um vinnuumhverfið, hvað þarf að efla, hverju breyta og hvað bæta. LSH er einnig þátttakandi í heilsuefningarátakinu „Heil og sæl í vinnunni“ og er ég tengiliður þess verkefnis út á svið spítalans.</p>
<p>Þælingar mínar tengdar vinnuvistfræði</p>	<p>Ég hef lengi haft áhuga á vinnuvistfræði, trúlega frá því ég var í námi í sjúkraþjálfun. Þverfaglegt félag eins og Vinnís er frábær vettvangur til að tengja saman hinar ýmsu stéttir og fagfólk til að vinna að sameiginlegu markmiði, sem er að bæta vinnuumhverfið, bæta líðan, draga úr óþægingum, óhöppum og slysum við vinnu. Með því að miðla þekkingu og stuðla þannig að forvörnum getum við í sameiningu haft mikil áhrif á starfsumhverfi hins vinnandi manns. Ég mundi því vilja sjá félagið okkar, Vinní, eflast til muna og vera þekkt og virt innan samfélagsins.</p>
<p>Eitt af því skemmtilegasta sem ég hef gert</p>	<p>Það er erfitt að greina frá einum atburði frekar en öðrum sem sett hefur svip á lífi mitt. Fyrir utan fæðingu barna minna hefur sú ákvörðun að gerast sjúkraþjálfari eflaust beint lífi mínu á ákveðna braut. Vorið sem ég útskrifaðist sem stúdent vissi ég ekkert hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór. Það voru þó tvær starfsgreinar, félagsráðgjöf og sjúkraþjálfun, sem mér fannst mjög spennandi og langaði að fræðast nánar um. Ég fór því í ráðgjöf. Eflaust var margt sagt í þessu viðtali en það sem ég mundi aðallega eftir þegar út var komið var þessi skilgreining á stéttunum tveimur, sem eflaust var sagt í gríni: Báðar þessar stéttir vinna með fólk. Félagráðgjafar eru værukærir, frekar frjálsglega vaxnir en alltaf mjög flottir og glæsilega klæddir. Sjúkraþjálfarar eru aftur á móti flestir ofvirkir með stæltan, flottan kropp en alltaf mjög púkalega</p>

klæddir, þar sem þeir fara aldrei út íþróttabrókunum. Ég hef oft skemmt mér yfir þessu – maður grípur oft ekki alltaf réttu atriðin og sumt geymir maður alltaf með sér. En ég valdi en hef komist að því að þessi lýsing er ekki óbrigðul!!